



Hafnarfjörður, 22. mars 2022

Efni: Minnisblað um sumarfrístund fyrir 6-10 ára börn, auka sumarfrístund í nærumhverfi í ágúst- og draga úr miðlægum námskeiðum í júlí

Hingað til hefur verið miðlægt námskeið í júlí fyrir 2.- 4. bekk eftir að 3 vikna námskeið í júní/júlí í öllum skólum lýkur. Aðsókn á miðlægt námskeið er ekki mikil og á þeim tíma er mikið framboð af námskeiðum hjá Íþróttafélögum. Starfsfólk þarf að komast í sumarfrí og því leggjum við til að það verði tveggja vikna miðlægt námskeið í júlí í stað þriggja og lokað á sama tíma og í leikskólum í tvær vikur. Á móti þessu verði sumarnámskeið í öllum grunnskólum fyrir nemendur í 1. – 4. bekk eftir Verslunarmannahelgi fram að skólasetningu. Þá er minna framboð af öðrum leikjanámskeiðum, fleiri sækja námskeið í sínum heimaskóla og starfsmenn að hefja vinnu eftir sumarfrí.

Þessi breyting einfaldar mikið þá framkvæmd að halda úti sumarfrístund en frístundarheimilin eru opin allt árið. Miðlægt námskeið í júlí eru haldin meðan að stjórnendum frístundar eru í sumarfríi. Því hefur vantað faglegan stjórnanda á þetta námskeið en sumarstarfsmenn hafa hlaupið í skarðið. Til að tryggja það að börnin þekki starfsmenn þá hefur hvert frístundaheimili lagt til að jafnaði einn starfsmann á þetta miðlæga námskeið. Áður var lokað í eina viku en nú viljum við óska eftir að lokað verði í tvær vikur í júlí. 23 börn voru skráð í sumarfrístund í fyrra í þessari viku sem við viljum loka á.

Þessi breyting er í takt við fjárheimildir frístundaheimilanna, aukinni opnun í ágúst og tengjast lengingu sumarorlofs starfsmanna og styttingu vinnuvikunnar.

Í fyrra var breyting á sumarfrístund þar sem námskeið fyrir 2.-4. bekk var á öllum starfstöðum frístundaheimilanna í ágúst í stað þess að hafa tvö miðlægt námskeið sem



Hafnarfjörður

var áður. Að loknu endurmati sumarstarfs og námskeiða er ljóst að það reyndist vel og góð þátttaka var á öllum stöðum og biðlistar á sumum stöðum. Börn voru tekin inn eins og starfsmannafjöldi leyfði en oft er ekki búið að ráða í öll stöðugildi á þessum tíma. Í fyrra fyrirkomulagi þegar það voru tvö miðlæg námskeið voru hlutfallslegast flestir þátttakendur námskeiðsins úr þeim skóla sem námskeiðið var haldið í og aðeins úr nærliggjandi skólum. Þegar námskeiðin eru í öllum skólum erum við að bjóða upp á betri þjónustu í nærumhverfi og þátttaka úr öllum hverfum mun jafnari og ekki verið að mismuna eftir búsetu. Í nýju fyrirkomulagi eru 20 pláss á hverjum stað nema starfsmannafjöldi bjóði upp á fleiri pláss og þá er hægt að stækka námskeiðin. Með þessu erum við að bjóða upp á fleiri pláss og í nærumhverfi heldur en þegar við vorum með tvö miðlæg námskeið.

Þess má geta að í ágúst er einnig námskeið fyrir sex ára börn sem eru að klára leikskóla og er því hvert frístundaheimili að keyra tvö aðskilin námskeið.

Rök með nýjum tillögum

- i. Búið að lengja orlof starfsmanna, þá þarf að fara ráða aukalega til að manna þessar vikur- aukin kostnaður.
- ii. Þeir sem sækja miðlæg námskeið eru aðallega börn frá þeim skóla sem miðlægt námskeið er haldið og aðeins frá nærliggjandi hverfum
- iii. Nýting á starfsfólki verður betri og auðveldara að rúlla fólki í sumarfrí.
- iv. Það er gott úrval leikjanámskeiða á vegum Íþróttafélaga á þeim tíma sem við myndum loka í tvær vikur svo þetta er ekki spurning um að það sé ekkert í boði.
- v. Tækifæri til að veita starfsfólki meira starfsöryggi yfir sumarið og geta sent það í sumarfrí.
- vi. Starfsfólk fær að halda sér á sínum vinnustað og mun nýtast betur í starfi þar sem það þekkir börnin og aðstæður.
- vii. Það er engin stjórnandi sem getur unnið á þessum tíma í júlí vegna orlofs og forgangs fyrir ágúst námskeiðum þegar taka á móti 6 ára börnum.
- viii. Frístundaheimilin eru opin í öllum fríum, páskafrí, jólafrí, sumarfrí skólanna og því mikilvægt að hafa tvær vikur sem það lokar svo stjórnendur og starfsfólk geti tekið sumarfrí.



Hafnarfjörður

Tillaga að fyrirkomulagi 2022

Tillaga okkar er að sumarfrístund loki í tvær vikur eins og leikskólarnir frá 18.júlí til og með 2. ágúst (sumarfrístund hefst á ný 3. ágúst).

Þá mun sumarstarf vera með þessum hætti í ár.

Sumarfrístund og Tómstund sumarið 2022	
	Hvar
Júní- júlí Sumarfrístund fyrir krakka fædd 2015-2012/3	Allir skólar
Í öllum skólum	
13.-16. júní – 4 dagar	
20.-24. júní	
27.-1. júlí	
Miðlægt sumarnámskeið f. krakka fædd 2015-2013	Krakkaberg
4.- 8. júlí	
11.-15. júlí	
Ágúst - Sumarfrístund fyrir krakka 2015-2013	Allir skólar
3.-5. ágúst	
8.-12. ágúst	
15.-19. ágúst.	
Sumarfrístund fyrir börn fædd 2016 sem eru að hefja skólagöngu	Allir skólar
3.-5. ágúst	
8.-12. ágúst	
15.-19. ágúst	



Hafnarfjörður

Fyrirkomulagið 2022 er gert með fyrirvara um að síðasta vikan klárast í takt við skólasetningu, þess vegna er síðasta vikan rauðleit.

Eldra fyrirkomulag til viðmiðunar

Sumarfrístund og Tómstund sumarið 2020	
	Hvar
Sumarfrístund fyrir krakka fædd 2010-2013	Allir skólar
Í öllum skólum	
11.-12. júní - 2 dagar	
15.-19. júní – 4 dagar	
22.-26. júní	
29.-3. júlí	
Miðlæg sumarfrístund fyrir krakka fædd 2010-2013	Setbergsskóli
6.-10. júlí	
13.-17. júlí	
20.-24. júlí	
Miðlæg sumarfrístund fyrir krakka fædd 2010-2013	Öldutúnsskóli
Í tveim skólum.	Áslandsskóli
4.-7. ágúst – 4 dagar	
10.-14. ágúst	
17.-21. ágúst.	
Sumarfrístund fyrir börn fædd 2014 sem eru að hefja skólagöngu	Allir skólar
6.-7. ágúst - 2 dagar	
10.-14. ágúst	
17.-24. ágúst - 6 dagar	

Geir Bjarnason og Stella Kristinsdóttir